


Minnisblað- Ruslahreinsun á Hornströndum 2018

Tímasetning: Stefnt er að helginni 22-24 júní með fyrirvara um veður og verkefni varðsrips.

Tilgangur: Tilgangur ferðarinnar hefur verið tvíþættur, annars vegar að hreinsa strandlengjur friðlandsins á Hornströndum og vonandi verða öðrum innblástur um að hreinsa sitt nærsvæði. Hins vegar að reyna að fá fólk til þess að huga að neyslu sinni og umgengni með plast, á það bæði við almenning og sjómenn. Vilji okkar sem stöndum fyrir hreinsuninni er að kynna verkefnið enn betur til þess að nái fyrrnefndum markmiðum.

Í ágúst síðastliðnum var stofnað félag utanum hreinsunina sem ber nafnið Hreinni Hornstrandir. Félagið hefur opnað facebook síðu sem er eftirfarandi:

<https://www.facebook.com/hreinnihornstrandir/>



Árangur: Hreinsunin hefur verið farin fyrir tilstuðlan heimamanna á Ísafirði í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir fjögur ár í röð eða frá árinu 2014. Samtals hafa safnast rúmlega 18 tonn af plasti þessi ár, mest megnis plast og netadræsur tengt útgerð en þónokkuð af plasti sem á uppruna sinn að rekja af landi og berst úti sjóinn.

Svæðið sem er undir: Vegna veðurs í fyrra var plan B virkjað og Ádalvík hreinsuð. Í ár er stefnt á að fara í upprunalega planið í fyrra Bolungavík á Ströndum og hugsanlega í Barðsvík ef tími vinnst til.

Fyrirkomulag: Stefnan er að fara með hópinn seinnipart föstudags með farþegabáti frá Ísafirði til Bolungavíkur með um 25-30 manns sem er um 3 tíma sigling í góðu veðri og gíst yrði í Bolungavík. Snemma dags á laugardeginum yrði byrjað að safna rusli í varðskipið sem safnað fram eftir degi. Slegið yrði upp grillveislu fyrir sjálboðaliða og áhöfn á laugardagskvöldinu í Bolungavík og gíst. Klárað yrði að hreinsa á fyrriparti sunnudags og síðan siglt heim með varðskipinu.

Beiðni um hlutverk Ísafjarðarbæjar: Ísafjarðarbær haldi áfram að sjá um skráningu í ferðina og kosta förgun á rusli líkt og síðastliðin fjögur ár en framlag Ísafjarðarbæjar hefur verið mjög mikils virði frá upphafi. Vilji okkar stendur til þess að endurnýta ruslið sem mest, til dæmis stendur til að endurnýta netadræsur.



Sjálfbóðaliðarnir í fyrra á varðskipinu Þór að lokinni velheppnaðri hreinsun.

Fyrir hönd Hreinni Hornstranda

Gauti Geirsson